

Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember 2018

### **Efni: Óháð úttekt á rekstri Íslandspósts ohf.**

Félag atvinnurekenda gætir hagsmuna ýmissa keppinauta Íslandspósts ohf. Félagið hefur undanfarin ár gagnrýnt framgöngu Íslandspósts á samkeppnismörkuðum, þar sem ríkisfyrirtækið hefur seilzt æ lengra í samkeppni við einkafyrirtæki. Að mati FA hefur ekki verið sýnt með óyggjandi hætti fram á að tekjur af einkaréttarrækstri Íslandspósts hafi ekki verið notaðar til fjárfestinga og rekstrar samkeppnisþjónustu fyrirtækisins.

Íslandspóstur ohf. hefur nú óskað eftir láni frá ríkinu vegna rekstrar- og greiðsluörðugleika, að upphæð 1.500 milljónir króna. Í ljós hefur komið að þær skýringar, sem fjármálaráðuneytið hefur gefið Alþingi á þörfinni fyrir lánið stangast að mörgu leyti á við mat Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á rekstri og fjárhag fyrirtækisins, en stofnunin telur að tekjutap vegna fækkandi sendinga bréfa undir 50 grömmum, sem Íslandspóstur hefur enn einkarétt á, hafi verið bætt fyrirtækinu að fullu í gegnum gjaldskrárhækkanir á undanförunum misserum.

Jafnframt hefur komið fram hjá PFS að samkvæmt yfirliti stofnunarinnar um bókhaldslegan aðskilnað Íslandspósts hafi einkaréttur skilað um 497 millj. kr. hagnaði á árinu 2016 umfram raunkostnað að viðbættum hæfilegum hagnaði og að umframhagnaður hafi því numið um 16% af tekjum. Samkvæmt ársskýrslu Íslandspósts vegna ársins 2017 var umframhagnaður 370 millj. kr. umfram raunkostnað að viðbættum hæfilegum hagnaði. Á sama tíma liggur fyrir að tap af samkeppnisrekstri innan alþjónustu hefur verið töluvert á undanförunum árum bæði af innlendum sem erlendum sendingum, þrátt fyrir að gjaldskrá alþjónustu skuli skv. 4. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu taka mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði og lúti sérstöku gjaldskráreftirliti PFS.

Ennfremur liggur fyrir að Íslandspóstur hefur á umliðnum árum tapað miklu fé á fjárfestingum í samkeppnisrekstri og lánveitingum til dótturfélaga. Þar nægir að nefna prentsmiðjuna Samskipti og ePóst.

Augljóst er að ýmsar spurningar um rekstrarvanda Íslandspósts brenna á þingmönnum, sem taka þurfa ákvörðun um hvort 1.500 milljónum af fé skattgreiðenda skuli ráðstafað til hins opinbera hlutafélags. Að mati Félags atvinnurekenda munu ekki fást svör við þeim spurningum nema gerð verði óháð úttekt á rekstri félagsins undanfarin ár. Fyrir liggur að Póst- og fjarskiptastofnun


telur það ekki hlutverk sitt að kafa ofan í ævintýri stjórnenda Íslandspósts í samkeppnisrekstri. Þá er Ríkisendurskoðun vanhæf til að gera úttekt á rekstrinum, enda er hún endurskoðandi reikninga Íslandspósts. Við blasir að fá þurfi öflugt, óháð endurskoðunarfyrirtæki til að taka út rekstur fyrirtækisins.

FA kom þessari tillögu á framfæri við ráðuneytið á fundi 17. september síðastliðinn en telur ástæðu til að ítreka hana hér með formlegum hætti. Að minnsta kosti þrjár ástæður eru fyrir því að ráðuneytið ætti að biðja um slíka úttekt:

1. Leiða þarf í ljós hverjir bera ábyrgð á þeim ákvörðunum sem komið hafa Íslandspósti í núverandi stöðu.
2. Fyrirbyggja þarf að skattgreiðendur þurfi aftur að hlaupa undir bagga með Íslandspósti eða öðrum opinberum hlutafélögum, sem hafa farið offari í samkeppnisrekstri.
3. Leiða þarf fram uppruna þess fjármagns, sem notað hefur verið í fjárfestingar samkeppnisrekstri Íslandspósts áður en Alþingi samþykkir frumvarp ráðherra um afnám einkaréttar Íslandspósts. Ella er hætt við að til verði fyrirtæki, sem jafnvel verði einkavætt á næstu árum, en njóti mjög ósanngjarnrar forgjafar á samkeppnismarkaði.

Félag atvinnurekenda er eins og áður reiðubúið að ræða samkeppni á póstmarkaði og úrbætur á samkeppnisumhverfinu við ráðuneytið.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Afrit: Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra